

**Ræða Jóhönnu Sigurðardóttur, formanns Samfylkingarinnar,
á flokksstjórnarfundi laugardaginn 26. september 2009 (talað orð gildir)**

SÓKN TIL BETRA SAMFÉLAGS

Kæru flokksystkin!

Það er gott að vera meðal ykkar hér í dag á fjölmennum flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar.

Við höfum tekið forystu, við höfum axlað ábyrgð, við höfum lagt fram skýra sýn á framtíðina og við höfum sýnt að Samfylkingarfólk gefst ekki upp þótt á móti blási.

Við fórum í samstarf við Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórn vel vitandi um það að framundankynni að vera hörð landing í efnahagsmálum eftir óstjórn og einkavæðingu Framsóknar og Sjálfstæðisflokks um árabíl.

Við tókum höndum saman við Vinstri hreyfinguna grænt framboð eftir banka- og gjaldeyrishrunið meðal annars vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn hafði hvorki innri styrk né samheldni til þess að fást við afleiðingar áfallsins og eigin gjörða

Í umróti hrunsins, búshaldabyltingarinnar, björgunaraðgerða minnihlutastjórnarinnar og kosninganna síðastliðið vor sýndi Samfylkingin samstöðu, stefnufestu og innri styrk sem gerði flokkinn að ótvíræðri kjölfestu í íslenskum stjórnámálum.

Í kosningunum stigu margir nýir þingmenn inn á sviðið og búast hefði mátt við því að þeir kiknuðu í hnjúnum frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. En öðru nær, góðir félagar, þingmenn Samfylkingarinnar, bæði nýir og þeir sem búa að þingreynslu, hafa staðið uppréttir. Þeir hafa staðiðst þolraunina. Þeir hafa staðist prófið.

Flokkurinn hefur sýnt styrk sinn og stefnufestu á einhverjum erfiðustu tímum í sögu þjóðarinnar frá lýðveldisstofnun – í hverju stórmálinu á fætur öðru á síðustu mánuðum, staðið heill og óskiptur, sem er meira en hægt er að segja um aðra flokka á Alþingi.

Og það er einmitt þetta sem þjóðin þarf á að halda á þeim erfiðleikatímum sem við nú göngum í gegnum: Stefnufestu, úthald og áræðni til verka.

Ég er sannfærð um að kjósendur munu kunna að meta okkar vinnu þegar upp er staðið við verkalok. Við ætlum og getum byggt betra samfélag.

Það hefur verið mér ómetanlegur styrkur í störfum mínum sem forsætisráðherra að hafa að baki mér samhentan og sterkan flokk.

Fyrir þetta vil ég þakka hér í upphafi. Og þess vegna segi ég: Það er gott að vera á meðal ykkar hér í dag.

Ég sem forsætisráðherra geri mér fulla grein fyrir því að afleiðingar hrunsins eru ekki einungis efnahagslegar. Sálrænar afleiðingar eru ekki síður alvarlegar og þær þurfum við að viðurkenna og taka tillit til.

Öll höfum við á undanförunum mánuðum upplifað sorg og reiði, eftirsjá, vonbrigði og jafnvel vonleysi – þjóðin öll hefur orðið fyrir miklu áfalli. Það brást sem við áður töldum tryggt eða sjálfsagt.

Bankarnir brugðust, stjórnkerfið brást, stjórn málin brugðust, fjölmiðlarnir brugðust, hugmyndakerfi hins frjálsa markaðar brást og það voru teknar margar rangar ákvarðanir sem leiddu okkur í þessa erfiðu stöðu.

Það er eðlilegt að þjóðin upplifi sig svikna. Það er eðlilegt að fólk sé reitt og óöruggt.

Ekki síst á þetta við um þá sem hafa orðið fyrir miklum fjárhagslegum skakkaföllum eða atvinnumissi án þess að geta miklu um það ráðið.

Sárast og langerfiðast í mínum daglegu störfum er að upplifa þær persónulegu hremmingar og erfiðleika sem atburðir undanfarins árs hafa orsakað hjá fjölmörgum einstaklingum og fjölskyldum.

Þó er það þannig að það sem orðið er verður ekki aftur tekið. Við þurfum hvert og eitt að takast sjálf á við sárar tilfinningar. Sem einstaklingar og fjölskyldur verðum við að hefja andlega jafnt sem fjárhagslega enduruppbyggingu. Einnig sameiginlega sem þjóð. Við þurfum að snúa okkur sem fyrst að því að sækja fram til betra samfélags en við bjuggum í áður.

Við erum mitt í sársaukafullu og nauðsynlegu uppgjöri á því hvernig það mátti vera að við flutum sofandi að feigðarósi í viðskiptalífi þjóðarinnar. Það traust sem hefur farið fogörðum verður ekki endurheimt nema uppgjörið eigi sér stað á fullnægjandi hátt. Þar verður allt að koma fram.

Fullkomin hreingerning verður að eiga sér stað. Sækja verður til saka þá sem sannað þykir að hafi framið misgjörðir og lögbrot. Þeir verða að bera fulla ábyrgð á sínum gjörðum.

Það verður ekki hægt að ná sáttum í samfélaginu nema allt sé gert til þess að leiða sannleikann í ljós. Þar má ekkert undan draga.

Um næstu mánaðamót eru þrír sérstakir saksóknarar til viðbótar við þá sem fyrir eru að taka til starfa. Ríkisstjórnin hefur af fremsta megni reynt með fjárframlögum, lagabreytingum og öðrum ráðstöfunum að styðja við bakið á þeim aðilum og stofnunum sem falið hefur verið þetta vandaverk

Það reynir á þolinmæðina að bíða eftir niðurstöðum úr rannsóknum og réttarkerfi. En í því sambandi minni ég á það að ráðgjafi okkar, Eva Joly, hefur varað við öllu bráðræði á þessu sviði.

Það er mikilvægt í þessu sambandi að gera sér grein fyrir því að áfallið sem íslenskt efnahagslíf varð fyrir var enginn venjulegur skellur. Sérfræðingar tala um að Ísland hafi orðið fyrir

langstærstu gjaldeyris- og fjármálakreppu sem nokkurt land hefur lent í á friðartímum. Hér sé verið að glíma við vanda sem er umfangsmeiri og flóknari en aðrar þjóðir hafa glímt við áður.

Það þarf því ekki að koma á óvart að það hrikti í stoðum samfélagsins og hvesi í stjórnmalunum.

Tíminn er afar dýrmætur í ástandi sem þessu og við verðum að vinna hratt.

Við höfum lagt okkur öll í þau verk sem vinna þarf og ég er stolt af þeim árangri sem náðst hefur á þeim tæplega átta mánuðum sem ríkisstjórnir mínar hafa starfað.

Við höfum náð samningum við margar vinaþjóðir um láanafyrirgreiðslu til þess að byggja upp gjaldeyrisstyrk okkar.

Við höfum náð samkomulagi við fulltrúa erlendra kröfuhafa í Glitni og gamla Kaupþingi og gert þessa fulltrúa alþjóðlegs fjármálalífs að hagsmunaaðilum í endurreisn bankanna og íslensks efnahagslífs. Og góðir félagar - við höfum sótt um aðild að Evrópusambandinu.

Þannig höfum við lagt mikilvægan grunn að endurnýjuðu trausti á íslenskt efnahagslíf með samstarfi og sátt við alþjóðasamfélagið sem er forsenda erlendra fjárfestingar og aukins hagvaxtar á komandi árum

Við höfum byggt upp nýtt bankakerfi og tryggt alla hefðbundna fjármálastarfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Endurfjármögnun Íslandsbanka og Kaupþings er í höfn og senn sér fyrir endann á endurskipulagningu sparisjóðanna og endurfjármögnun Landsbankans.

Kostnaður ríkisins af endurreisn bankanna verður mun minni en áætlað var. Í stað 385 milljarða gæti niðurstaðan orðið innan við 200 milljarðar króna og það eru fjármunir sem ekki eru tapaðir heldur eign íslensku þjóðarinnar í bönkunum. Fjármunir sem munu ávaxtast vel verði rétt á málum haldið.

Margir spyrja hver áhrif það kunni að hafa að erlendir aðilar verði ráðandi í tveimur af nýju bönkunum. Í því sambandi skulum við ekki gleyma að erlendir bankar og kröfuhafar gætu tapað 5 – 6 þúsund milljörðum króna á falli íslensku bankanna, eða sem svarar allt að fjórfaldri landsframleiðslu Íslands.

Til samanburðar má nefna að öll Icesave skuldbindingin eins og hún leggur sig, án endurheimtu af eignum Landsbankans, er um helmingur af landsframleiðslu. Fimm til sex þúsund milljarðar er mikið fé og hér er því mikið í húfi.

Ég segi því skýrt og skorinort að ég vil frekar hafa kröfuhafana með í bönkunum sem þátttakendur í endurreisn íslensks atvinnulífs heldur en að mæta þeim fyrir dómstólum með kröfur vegna tapaðra lána.

Við höfum lagt nýjan grunn að ríkisfjármálum næstu fjögurra ára. Samþykkt stefnumörkun sem gerir okkur kleift að takast á við afleiðingar hrunsins og aðlaga rekstur ríkissjóðs þeim raunveruleika sem við búum við.

Það er verkefni sem kallar á uppstokkun alls ríkisrekstursins og gerir ráð fyrir að stoppað verði í 180 milljarða halla á 4 árum. Þegar í lok árs 2010 er gert ráð fyrir að hallinn hafi minnkað í 87 milljarða króna eða um tæpa 100 milljarða króna.

Þessu verður náð fram jafnhliða með niðurskurði, sparnaði, uppstokkun ríkiskerfisins og réttlátari skattastefnu en verið hefur.

Þetta er risavaxið verkefni sem allir munu finna fyrir en afleiðing af aðgerðarleysi í ríkisfjármálum yrði hins vegar mun alvarlegri og myndi að endingu valda stöðnun og efnahagslegri afturför.

Við getum ekki vísað vandanum á framtíðina. Við getum ekki leyst hann með því að auka verðbólgu. Og við getum ekki aukið hallarekstur. Efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar er undir í þessari baráttu. Við verðum að laga okkur að raunveruleikanum og tekjumöguleikum ríkissjóðs.

Við höfum horfst í augu við mikilvægi þess að fram fari heiðarlegt uppgjör við fortíðina og traust í samfélaginu verði endurnýjað. Yfirstjórnir Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hafa verið stokkaðar upp, Bankasýslan hefur verið sett á laggirnar, aðgerðir gegn undanskotum frá skatti hafa verið hertar, stjórnkerfið hefur verið endurskipulagt og nýjir vendir virkjaðir til starfa.

Gleymum því ekki að ógegnsæi og skortur á eðlilegum leikreglum við einkavæðingu bankanna og þröngt eignarhald sem byggði á helmingaskiptareglu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er ein af meginorsökum hrúnins – þar liggur rótin að hremmingum þjóðarinnar þessi misserin.

Við erum að kveðja hagsmunapotíð sem einkenndi gegnsýrt krosseignatengsla- og kunningjasamfélagið sem hafði fjarlægst hinn almenna mann og hagsmuni hans. Samfélag sem byggðist á tengslum og völdum fárra. Samfélag sem ég vona að við eigum aldrei eftir að upplifa aftur.

Það er okkar hlutverk að breyta þessu og til þess höfum við tækifæri nú. Úrbætur í lýðræðismálum og bættri og gegnsærri stjórnsýslu hafa verið undirbúnar og ný vinnubrögð innleidd. Stjórnlagabingið, persónukjórið, lagafrumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur, fjármál flokka og frambjóðenda, upplýsingalög og nýjar siðareglur stjórnsýslunnar – allt er þetta mikilvægur grunnur að mótun og innleiðingu nýrra gilda í samfélaginu sem við ætlum að festa í sessi.

Ég gæti líka nefnt fjölda mála sem ekki hafa farið hátt í darraðardansi stjórnmalanna en hefðu líklega í annan tíma talist til stórmála. Afnáam sérstakra lífeyrisréttinda ráðherra, dómara, embættismanna og alþingismanna, lækkun launa allra æðstu stjórnenda ríkisins, afnáam ábyrgðarmannakerfis hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, áætlun gegn mansali og síðast en ekki síst lög sem gera kaup á vændi refsiverð á Íslandi.

Mér telst til að alþingi hafi samþykkt yfir 80 ný lög á þeim 6 mánuðum sem það hefur starfað með ríkisstjórnnum mínum. Mörg af þessum málum hafa verið að velkjast misserum og árum saman í umræðu, í stjórnsýslu og á þingi en voru afgreidd með snerpu á þinginu í vor og sumar.

Ég vil þakka ykkur, kæru flokkssystemin, fyrir ykkar framlag í þeirri miklu vinnu.

Ég nefni líka Stöðugleikasáttmálann – það er sáttmáli sem er ætlað að tryggja frið og samstarf allra helstu hagsmunaaðila á vinnumarkaði til næstu ára og honum erum við að framfylgja af fullum krafti. Hann er mikilvægur hluti af stórauknu samráði stjórnvalda við hagsmunaaðila.

Því veldur það vissulega miklum vonbrigðum að Seðlabankinn skyldi ekki hafa séð sér fært að lækka stýrivexti enn frekar sl. fimmtudag. Spá bankans um hratt lækkandi verðbólgu hlýtur þó að vekja vonir um að á þessu verði ráðin bót innan tíðar.

Ég nefni líka fjölda aðgerða til að bregðast við skuldavanda heimilanna. Greiðslujöfnun sem tryggir þeim sem vilja svipaðar eða lægri afborganir en fyrir hrun, greiðsluáðlögun skulda með tilheyrandi afskriftum, hækkun vaxtabóta, útgreiðsla séreignasparnaðar, stöðvun nauðungaruppbóta og vel á annan tug annarra aðgerða.

Ég nefni líka endurreisn atvinnulífsins. Átak til atvinnusköpunar hefur þegar skilað vel á þriðja þúsund beinum störfum auk fjölda afleiddra starfa. Frjálsar strandveiðar færðu líf að nýju á fjölmarga staði um land allt. Framkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhúsið eru í gangi, Lög um hlutabætur og bætt umhverfi atvinnuleysistryggingasjóðs og Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa komið til móts við þúsundir einstaklinga sem ekki hafa notið fastrar atvinnu.

Allt eru þetta skref sem nýtast einstaklingum og fjölskyldum, fólkinu í landinu. Það er mest um vert.

Stórframkvæmdir í orkumálum, vegamálum og byggingariðnaði eru í undirbúningi m.a. með aðkomu lífeyrissjóða. Þegar endurreistir bankar geta farið að beita sér á næstu mánuðum og vextir lækka mun skuldaáðlögun fyrirtækjanna fara á skrið og færast aukinn kraftur í atvinnulífið.

Metnaðarfullar en ábyrgar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, mikil aðlögunarhæfni hagkerfisins og einstakur baráttuandi þjóðarinnar virðist ætla að takmarka samdrátt þjóðarframléiðslu í ár við ríflega 8 % í stað 10% eins og spáð var í lok síðasta árs. Þetta samsvarar 25-28 milljarða króna tekujauka í þjóðarbúið miðað við spár og þar af 7-8 milljarða króna tekjum í ríkissjóð.

Atvinnuleysi hér var 7,7% í ágúst en er víða í Evrópu yfir 10% um þessar mundir.

Atvinnuleysið er þungbært böll en því ber þó að fagna að á fjórða þúsund manns fleiri en spáð var hafa haldið atvinnu hvað sem verða kann er líður á veturinn.

Góðir félagar!

Endurreisn íslensks samfélags er sögulegt tækifæri. Nú er tími endurmats og tækifæri til þess að breyta um stjórnarhætti og lífsstefnu. Tími græðgi og óheftrar markaðshyggju er vonandi að baki og hugmyndir jafnaðarstefnunnar eiga nú aftur hljómgrunn. Tími sóknar til betra samfélags er runninn upp.

Nú er lag til þess að móta þjóðfélagssýn sem gerir markaðinn að þjóni en ekki herra – þjóðfélagssýn sem losar menningu, menntun og stjórnsmál undan áhrifavaldi peningaaflla sem hafa græðgi og ofsagróða að algildri mælistiku.

Við búum að sterkum innviðum í okkar þjóðfélagi og gjöfulem náttúruauðlindum og höfum alla burði til þess að móta þjóðfélag þar sem jafnræði og réttlæti móta samskipti okkar. Þess vegna getum við borið í brjósti von um betri tíma án þess að það sé innhaldslaus óskhyggja.

Okkur ber brún nauðsyn til þess breyta um stjórnarhætti. Við þurfum nýtt og betra stjórnkerfi. Við þurfum að sækja fram til betra samfélags.

Þegar hafa verið sett lög um mjög umfangsmikla endurskipulagningu á stjórnaráðinu. Stærsta breytingin felur í sér að komið er á efnahagsráðuneyti þannig að stjórn efnahags- og bankamála verður í einu ráðuneyti í stað þriggja áður.

Þá legg ég áherslu á eitt atvinnuvegaráðuneyti, sem tryggi heildarsýn á atvinnuþróun í landinu, verði stofnað á næsta ári í stað sjávarútvegs- landbúnaðar- og iðnaðarráðuneytis. Ráðuneytum verður fækkað úr 12 í 9 á kjörtímabilinu. Það er mikilvægt skref sem löngu hefði átt að vera búíð að stíga.

Í endurskoðun eru líka starfshættir ríkisstjórnar, staða og ráðning aðstoðarmanna, ráðningar í opinber störf og meiri sveigjanleiki og fagmennska í starfsmannahaldi hins opinbera.

Á allra næstu næstu dögum verða svo kynntar siðareglur fyrir ráðherra og starfsmenn ráðuneyta. Þar eru meðal annars skýr fyrirmæli um það hvernig skuli koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra í störfum ráðherra og embættismanna.

Upplýsingalögin verða líka endurskoðuð til að auka aðgengi almennings að opinberum upplýsingum og auka aðgang að gögnum fyrirtækja í eigu ríkisins. Ég legg líka ríka áherslu á að endurskoðuð lög um ráðherraábyrgð sjái dagsins ljós sem allra fyrst.

Góðir félagar!

Hið opinbera hefur þanist út á liðnum þensluárum. Við þurfum að minnka umsvifin á nýjan leik, sameina stofnanir og bæta árangur þeirra:

- Héraðsdómstólar og skattstofur verða sameinaðar.
- Sameining og betri verkaskipting er á döfinni í heilbrigðiskerfinu.
- Allar stærri stofnanir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins eru til skoðunar í sama skyni.
- Tillögur liggja fyrir um sameiningu stofnana á vegum umhverfisráðuneytisins.
- Sameining verður á verkefnum Vinnuálastofnunar, Vinnueftirlitsins og Tryggingastofnunar.
- Samgöngustofnanir verða endurskipulagðar.
- Slysarannsóknarnefndir verða sameinaðar.
- Keflavíkurflugvöllur ohf og Flugstoðir ohf verða sameinaðar.
- Varnarmálastofnun verður lögð niður.

- Málefni fatlaðra og aldraðra verða flutt til sveitarfélaga.
- Skipan sýslumannsembætta og svæðaskipting verður endurskoðuð.
- Lögregluembætti verða endurskipulögð og lagt kalt mat á það hvort hætta eigi rekstri embættis ríkislögreglustjóra í þágu sýnilegrar löggæslu.

Í þeirri uppstokkun á ríkiskerfinu sem framundan er verður ekki litið fram hjá neinu, allt er undir.

Við munum sérstaklega gæta að stöðu kynjanna og jafnri aðkomu karla og kvenna að endurreisnarstarfinu sem framundan er. Skipuð hefur verið sérstök ráðherra nefnd jafnréttismála undir minni forystu til þess að fylgja þessum fyrirheitum eftir. Við munum taka markvisst á launamun kynjanna og stefnt er að því að hagstjórn sem tekur mið af kynjajafnrétti verði forskrift stjórnvalda frá og með fjárlögum ársins 2011.

Veigamikill þáttur í uppstokkuninni er ný skattastefna enda hefur skattastefna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks engu skilað, öðru en aukinni misskiptingu og óréttlæti.

Í skýrslu, sem birt verður á næstunni, um Stöðu og þróun lykiltalna í þjóðarþúskapnum kemur fram að þær breytingar á skattstofnun og skattþrosentum sem gerðar voru í þágu atvinnulífsins, og áttu ekki síst að laða að erlenda fjárfestingu á Íslandi, skiluðu nánast engu í þeim efnum.

Áhugi erlendra aðila á fjárfestingum á Íslandi hefur hingað til nánast eingöngu átt við um stóriðju. Á undanförunum árum hafa Íslendingar hinsvegar í stórum stíl, flutt fjárfestingar sínar í erlend fjárfestingafélög og þau síðan fjárfest á Íslandi.

Á sama tíma hefur ójöfnuður í tekjuskiptingu aukist verulega, m.a. vegna minnkandi áhrifa skattkerfisins og bótagreiðslna á vegum ríkisins.

Árið 1993 voru ríkustu 1% fjölskyldna landsins með um 4% hlutdeild í ráðstöfunartekjum. Árið 2007 eru orðin alger umskipti því þá eru 1% ríkustu fjölskyldnanna með um 20% ráðstöfunartekna. Eitt prósent með 20% ráðstöfunartekna.

Ekki nóg með það. 10% ríkustu fjölskyldna tvöfölduðu hlutdeild sína í ráðstöfunartekjunum á sama tíma og höfðu um 40% ráðstöfunartekna árið 2007. Aðrar íslenskar fjölskyldur, 90% fjölskyldna í landinu, skiptu 60% teknanna á milli sín árið 2007.

Þetta eru ótrúlegar breytingar á skömmum tíma – og þær voru afleiðing markvissrar stefnu Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks – stefnu misskiptingar.

Þess vegna er óhjákvæmilegt að breyta um stefnu og leggja upp með meira jafnræði og réttlæti í skattkerfinu. Ríkisstjórnin hyggst meðal annars í því skyni jafna hlutföll milli tekjuskatta og fjármagnstekjuskatta og innleiða orku-, umhverfis- og auðlindaskatta. Hinir tekjuhærri verða að bera stærri hluta byrðanna

Skattheimtan verður að sönnu aukin vegna þess ástands sem við er að glíma en eignaskattar- og erfðafjárskattar eru ekki inni í þeirri mynd. Mjög varlega verður einnig að fara í breytingar á óbeinum sköttum.

Við verðum og munum verða óhrædd við að nýta skattkerfið til tekjujöfnunar í íslensku samfélagi.

Tímabili vaxandi ójafnaðar og aukinnar misskiptingar sem stefna Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur leitt af sér - er lokið.

Tími jöfnuðar og réttlætis í anda jafnaðarstefnunnar er runninn upp og það er lykillinn að farsælli endurreisn íslensks samfélags.

Góðir félagar!

Fyrsta ríkisstjórn jafnaðarmanna og félagshyggjufólks í sögu lýðveldisins sem styðst við meirihluta á Alþingi hefur unnið vel og heiðarlega saman. Það er mikilvægt að henni takist ætlunarverk sitt og að því stefnir Samfylkingin heils hugar.

Icesave málið hefur reynst okkur þungbært og tafir á lausn þess hafa þegar valdið þjóðinni miklum skaða. Málið hefur verið eitt hið erfiðasta sem þjóð og þing hafa gengið í gegnum frá lýðveldisstofnun. Lausn málsins myndi ekki breyta því að það er illt að þjóðin skuli þurfa að ganga í ábyrgð fyrir fjárglæframenn sem nýttu sér hið góða nafn hennar á óábyrgan hátt.

Og okkur finnst sem Evrópusambandið, Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn, Bretar og Hollendingar hafi ekki tekið sinn hluta af ábyrgðinni af gölluðu regluverki og áhættunni í alþjóðlegum bankarekstri. En við höfum staðið ein í þessari baráttu og ekki fengið stuðning við okkar sjónarmið.

Við höfum fengið það í gegn, sem vissulega hefði átt að vera auðsótt en hefur kostað baráttu og ákveðni, að Hollendingar og Bretar eru nú að skoða fyrirvara Alþingis með það að markmiði að þeir verði viðauki við þá samninga sem gengið var frá í byrjun sumars.

Meginatriðið er í mínum huga er að greiðslugetu og efnahag ríkisins verði ekki á neinum tímapunkti stefnt í hættu.

Fyrstu viðbrögð Breta og Hollendinga gáfu tilefni til vissrar bjartsýni í þessu máli og ég hafði gert mér vonir um að niðurstöðu væri að vænta fyrir þessa helgi. En því er ekki að leyndu að tilraun til þess að ná fram lyktum hefur reynst erfiðari og torsóttari en vænst var og er ekki enn séð hvað verður.

Takist okkur ekki að ljúka þessu máli nú alveg á næstunni mun það tefja og torvelda alla endurreisn, tefja fyrir vaxtalækkun, tefja fyrir afnámi gjaldeyrishafta, tefja fyrir gengishækkun og stofna lánshæfismati ríkisins í stórhættu.

Tefjist lyktir málsins enn um sinn gæti sú töf orðið okkur sem ríki og sem þjóð jafndýrt ef ekki dýrara en sjálf Icesave skuldin vegna versnandi lánskjara og tafa á endurreisn efnahags- og viðskiptalífs. Það er heldur ekkert launungarmál að efnahagsáætlun okkar með stuðningi Alþjóða gjaldeyrissjóðsins gæti verið í uppnámi. Eins og á mörgum öðrum sviðum eru við í mjög alvarlegri stöðu og getum ekki leyft okkur að láta eins og til séu auðveldar lausnir.

Ágætu flokkssystkin

Íslenska þjóðin hefur róðið lífróður um eins árs skeið og við höfum staðist áraunina. En í miðjum lífróðrinum er aldrei tekið nóg á, aldrei nóg að gert, alltaf þörf á að gera meira.

Í slíku ástandi skiptir mestu að missa ekki sjónar af stefnunni, að fylgja settum áætlunum og hafa þrautseigju og úthald til þess að ná landi.

Okkar helsta baráttumál á næstunni verður að sporna gegn langtímaatvinnuleysi – byggja upp atvinnulífið. Við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að lenda ekki í sama vítahring og t.d. Finnar gerðu þegar þeir glímdu við kreppu fyrir tveimur áratugum.

Ríkisstjórnin ákvað í gærmorgun að greiða götu þess að nýr Landspítali rísi. Bygging Landspítalans er mjög mannaflsfrök og skapar amk 800 störf. Búðarhálsvirkjun er sömuleiðis komin á dagskrá. Aukning á framleiðslugetu álversins í Straumsvík, gagnaver, fyrstu áfangar álvers í Helguvík, Suðurlandsvegur og fleiri stórar samgönguframkvæmdir, virkjun jarðhita norðan og sunnan eru allt saman verkefni sem ríkisstjórnin ætlar að koma í gang sem allra fyrst í samræmi við stöguleikasáttmálann.

Einskis verður látið ófreistað í því efni að ryðja hindrunum úr vegi og við treystum því að eiga gott samstarf við lífeyrissjóðina um fjármögnun þessara verkefna. Aðkoma erlendra fjárfesta verður einnig að eiga sér stað eigi þessi verkefni að verða að veruleika. Að öllu þessu er unnið hörðum höndum.

Við höfum einnig hafið undirbúning að sóknaráætlunum fyrir landið í heild og landshlutana sem eiga að fléttast inn í endurreisnarstarfið. Sókn er besta vörnin og reynslan sýnir að í öllum kreppum leynast tækifæri sem hægt er að nýta.

Í sveitarfélögum landsins á grunnþjónustan heima og þar ræðst velferðar- og atvinnustigið í landinu að verulegu leyti.

Sveitarstjórnarkosningarnar í vor eru því gríðarlega mikilvægar og ég heiti á félagi í Samfylkingunni að hefja öflugan undirbúning að þeim nú þegar.

Kæru félagar!

Í umsókn Íslands að Evrópusambandinu felst einnig áætlun um stöðu Íslands og styrk til lengri tíma lítið. Hún boðar mikil tíðindi og er stór áfangi fyrir íslenska jafnaðarmenn. Sjálf umsóknin og viðtökurnar við henni fela í sér skýr og traustvekjandi skilaboð til umheimsins.

Ég tel fullvíst að sem umsóknarríki muni Ísland öðlast sterkari stöðu en ella hefði verið.

Ísland þarnast efnahagslegs öryggis sem felst m.a. í stöðugum gjaldmiðli og samkeppnishæfu viðskiptaumhverfi. Sjálfsagt er í umsóknarferlinu að leita eftir samvinnu við Evrópska seðlabankann og Evrópska myntsamstarfið um virkan gjaldeyrismarkað. Slíkur stuðningur við krónuna gæti orðið mikill ávinningur fyrir íslensk heimili og íslenskan almenning en um leið áfangi í aðildarferlinu.

Veiking krónunnar hefur bætt rekstrarskilyrði ýmsra atvinnugreina tímabundið þannig að aukinn kraftur hefur færst í fiskvinnslu, ferðaþjónustu, almennan iðnað og nýsköpun. Það er mikilvægt en á sama tíma hafa erlendar skuldir atvinnulífsins aukist gríðarlega. Enda sýnir nýleg rannsókn Seðlabankans einmitt að til lengri tíma litið þá jafnar krónan ekki út sveiflur í hagkerfinu heldur ytir undir þær.

Það hefur því verið skoðun mín og okkar í Samfylkingunni að tryggasta leiðin til þess að koma á efnahagsstöðugleika til framtíðar sé að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Og upptaka evru er öruggasta og skynsamlegast leiðin til þess að afnema verðtrygginguna sem lengi hefur verið mörgum þyrnir í augum og holdi.

Við þurfum að endurnýja traust á íslenskt efnahagslíf í samstarfi við alþjóðastofnanir og með samvinnu við alþjóðlegar fjármálastofnanir. Einangrunarhyggja er ekki valkostur. Ýmislegt bendir til þess að fulltrúar sérhagsmunahópa á Íslandi séu nú að blása til sóknar gegn stefnu Samfylkingarinnar í Evrópumálum og umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Við skulum svara sérhagsmunahópunum með öflugri baráttu fyrir almannahag og alþjóðlegu samstarfi.

Góðir félagar

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna er yfirlýst velferðarstjórn. Hún stendur fast við þá stefnu og hefur að leiðarljósi að byggja upp traust og réttlátt velferðarkerfi að norrænni fyrirmynd þar sem almannahagsmunir eru teknir fram fyrir sérhagsmuni.

Enda þótt kaupmáttur fari lakkandi almennt séð hefur verið kappkostað að það bitni ekki með sama þunga á þeim sem lægst hafa laun og lökust lífskjör. Hlutfallslega bitnar lækkun ríkisútgjalda ekki eins hart á velferðar og menntakerfinu og öðrum þáttum ríkisrekstrarins.

Heilbrigðistofnanir, menntastofnanir, þjónusta við fatlaða, almannatryggingar, framfærsla atvinnulausra og námsmanna – þessum grunnstoðum velferðarsamfélagsins verður hlíft eins og kostur er þó allsstaðar muni þurfi að þrengja að.

Sem dæmi má taka að miklar kjarabætur lífeyrisþega sem náðust árið 2008 í miklum slag við Sjálfstæðisflokkinn hafa aðeins að litlu leiti gengið til baka. Stjórnvöld tóku þá afstöðu að verja kjör þeirra sem minnst hafa sér til framfærslu í hópi lífeyrisþega og þann árangur ber okkur jafnaðarmönnum að verja fram í rauðan dauðann.

Við verðum að muna að lágmarksframfærsla lífeyrisþega hækkaði um 20% í byrjun árs og hafði þá hækkað um tæp 50% á rúmu ári – úr 126 þúsundum í 180 þúsund. Aðrir lífeyrisþegar hækkuðu einnig um 10% í byrjun árs.

Báðir hóparnir hafa því hækkað mun meira en almennir launþegar á þessu ári, og verst setti hópurinn talsvert umfram verðbólgu. Gleymun því ekki heldur að við afnánum makatengingar lífeyrisþega – baráttumál okkar til margra ára – og við því verður ekki hróflað.

Vissulega eru kjör lífeyrisþega ekki öfundsverð en kjör þeirra hafa batnað umtalsvert eftir að Samfylkingin komst til valda. Þann árangur verðum við að verja.

Góðir félagar!

Endurskipulagning skulda heimilanna er nauðsynlegur þáttur í endurreisn efnahagslífsins þannig að ekki komi til vítahrings gjaldþrota, greiðsluerfiðleika og atvinnuleysis, sem gæti haft langvarandi og skaðleg áhrif á framleiðslu og atvinnustig í landinu.

Slík endurskipulagning kallar á það að við höfum heildaryfirlit yfir stöðuna og fyrst nú er tímabært að ráðast í sértækar aðgerðir þegar sér fyrir endann á endurreisn bankanna.

Fram að þessu hefur ríkisstjórnin og Alþingi gripið til yfir 20 einstakra ráðstafana til þess að jafna greiðslubyrði skuldara, frysta lán, opna fyrir greiðsluádlögun og létta með ýmsum hætti þann skuldavanda sem fjöldi heimila býr við.

Allar kannanir sýna einnig að vandinn er viðráðanlegur og í raun séu það um 20% heimila sem þurfi nú á róttækum aðgerðum að halda. Sá hópur mun stækka verulega ef ekkert verður frekar aðhafst – það má ekki gerast. Útfærsla endanlegra aðgerða til að koma til móts við þennan hóp sem er í mestum vanda eru á lokastigi þessa dagana

- Þessar aðgerðir munu gilda fyrir alla sem raunverulega eru í vanda – hvort sem þeir eru hjá íbúðalánasjóði eða öðrum fjármálastofnunum, hvort sem þeir glíma við gengislán, bílalán eða hefðbundin verðtryggð lán.
- Þessar aðgerðir munu tryggja húsnæðisöryggi fólks, þannig að tímabundnir erfiðleikar vegna atvinnumissis eða samdráttar í tekjum leiði ekki til húsnæðishraks.
- Þessar aðgerðir munu tryggja að skuldsett heimili verði ekki föst í skuldafjötrum um ókomna tíð þótt samdrættinum linni, og m.a. verði gert ráð fyrir möguleikum á afskriftum skulda í því skyni. Við verðum að búa þannig um hnúta að allir geti tekið þátt í endurreisninni og séð til enda hvernig hagur þeirra geti batnað á ný.

Þetta mál verður rætt ítarlega á þessum fundi. Fjöldi manns, einstaklingar og hópar, hafa lagt fram hugmyndir til lausnar á skuldavanda heimila. Á þær allar hefur verið hlustað og þær teknar til ítarlegrar skoðunar. Ég vil þakka hér á þessum vettvangi fyrir þá lýðræðislegu virkni sem sú hugmyndaumræða ber vott um.

Margir hafa af því áhyggjur hvernig staðið verður að endurskipulagningu á skuldum fyrirtækja, hver þeirra verða knúin í þrot og hverjum hjálpað til þess að ganga í endurnýjun lífdaga með skuldbreytingum og afskriftum. Krafan er um það að þetta ferli í bönkunum verði fyrir opnum tjöldum og fari eftir skráðum reglum og viðmiðum en ekki geðþótta.

Ég hef ritað skilanefndum bankanna bréf þar sem ég fer fram á að þær geri opinbert hvernig staðið er að þessum málum og hvort farið sé eftir skráðum ferlum við ákvarðanir. Það verður að vera hægt að ganga úr skugga um að fylgt sé eðlilegum samkeppnis- og jafnræðissjónarmiðum. Ég hef líka óskað svara um það hvort settar hafi verið reglur um launamál í bönkunum og um jafnrétti kynjanna.

Ég sætti mig ekki við annað en að þetta sé allt á hreinu í nýju og betra samfélagi.

Að síðustu, kæru flokksfélagar.

Mér segir svo hugur um að það verði styrkur okkar á næstu árum að hafa horfst í augu við vandann og tekið á honum. Staða okkar gæti orðið mun heilbrigðari og líklegri til árangurs eftir endurreisnina heldur en í löndum þar sem ekki hefur farið fram uppgjör við hrunið, endurreisn bankakerfis og uppstökkun í stjórnsýslu.

Uppgjör, endurreisn og uppstökkun er okkar leið.

Hún mun leiða okkur á tveimur til þremur árum til betra samfélags með batnandi kjörum.

Ég hvet ykkur öll til öflugs málflutnings fyrir ríkisstjórnina og stefnumið Samfylkingarinnar á þessu hausti!.

Tökumst á við stjórnarandstöðuna sem nýtir sér óöryggið í samfélaginu á óábyrgan hátt!

Sýnum og sannfærum kjósendur með verkum okkar að við séum að vinna í þágu almannahagsmuna!

Við tökum skipulega á málum samkvæmt settum áætlunum!

Við tökum eitt skref í einu í sókn til betra samfélags!

Við hvert skref sem við tökum í rétt átt endurheimtum við smámsaman traust á stofnanir og trúnað í samskiptum heima og heiman!

Uppgjör, endurreisn og uppstökkun eru lykilorðin

Við munum byggja betra Ísland!

Það er og verður hlutverk okkar jafnaðarmanna !